

# **EFNISTAKA ÚR LAMBAFELLI Í LANDI BREIÐABÓLSTAÐAR, SVEITARFÉLAGINU ÖLFUSI**

## **Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum**

### **HELSTU NIÐURSTÖÐUR**

Skipulagsstofnun telur að áhrif aukinnar efnistöku úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar óhjákvæmilega verða varanleg og neikvæð á landslag og jarðmyndanir sem og sjónræn áhrif hennar. Þau áhrif verði talsvert neikvæð en til mótvægis kemur að efnistaka úr aðliggjandi efnistökusvæðum í Lambafelli er í samræmi við markmið stjórnvalda að hafa efnisnámur fremur fáar og stórar í stað margra minni náma. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að efnistakan muni hafa neikvæð áhrif á grunn- eða neysluvatn, en stofnunin hvetur til þess að við starfsleyfisgerð verði hugsað fyrir ráðstöfunum til að hætta á mengunarslysum verði í algjöru lágmarki.

Skipulagsstofnun minnir á að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið ráðast að miklu leyti af því að þeirri verktilhögun sem kynnt hefur verið í matsskýrslu verði fylgt eftir á starfstíma.

Skipulags  
stofnun

1	INNGANGUR.....	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar .....	3
1.2	Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar .....	3
2	FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ .....	3
3	NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM.....	5
3.1	Áhrif á menn og samfélag .....	5
3.1.1	Áhrif á útivist.....	5
3.1.2	Sjónræn áhrif og áhrif á landslag.....	5
3.1.3	Áhrif á loftgæði.....	6
3.2	Áhrif náttúrufar .....	6
3.2.1	Áhrif á vatnsgæði.....	6
3.2.2	Áhrif á jarðmyndanir.....	7
3.2.3	Áhrif á lífríki.....	8
3.3	Staða skipulags og leyfisveitinga.....	8
4	NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR.....	9



## 1 INNGANGUR

### 1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 31. mars 2009 sendi Mannvit verkfræðistofa f.h. Hlíðardalsskóla, frummatsskýrslu um efnistöku úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar í Sveitarfélaginu Ölfusi til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 3. apríl 2009 í Lögbirtingablaðinu, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 3. apríl til 16. maí 2009 á Bókasafni Þorlákshafnar, skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: [www.mannvit.is](http://www.mannvit.is). Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Sveitarfélagsins Ölfuss, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun engin athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar til Mannvits.

Þann 2. júní 2009 sendi Mannvit verkfræðistofa f.h. Hlíðardalsskóla, matsskýrslu um efnistöku úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar í Sveitarfélaginu Ölfusi til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitni stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

### 1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

**Frummatsskýrsla.** Efnistaka úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar, Sveitarfélaginu Ölfusi. Mannvit verkfræðistofa. Mars 2009.

#### Umsagnir bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 30. apríl 2009.
- Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 27. apríl 2009.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 4. maí 2009.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. apríl 2009.

Engin athugasemd barst á kynningartíma

**Matsskýrsla:** Efnistaka úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar, Sveitarfélaginu Ölfusi. Mannvit verkfræðistofa. Maí 2009.

## 2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Í matsskýrslu kemur fram að námuvinnsla hafi farið fram í landi Breiðabólstaðar í Lambafelli í um 20 ár. Náman sé ein þriggja í Lambafelli og sú eina sem veit til suðurs og blasi við vegfarendum sem eiga leið um Þrengslaveg frá Þorlákshöfn á leið til höfuðborgarsvæðisins. Náman, sem sé bólstrabergsnáma, tilheyri Sveitarfélaginu Ölfusi og sé í eigu Kirkju sjöunda dags adventista. Með mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar efnistöku í Lambafellsnámu sé unnið að því að tryggja rekstur námunnar til að minnsta kosti næstu 30 ára. Áætluð efnistaka á tímabilinu sé 12-15.000.000 m<sup>3</sup>. Við fyrirhugaða efnistöku muni djúp geil smám saman myndast í hlíð fjallsins. Botn námunar og syðsti hluti sé og verði í um 280 m y.s. Fjallið rísi til norðurs og séu nyrðri mörk fyrirhugaðrar efnistöku í 450–500 m y.s. Hátindur fjallsins rísi skammt norðan við mörkin í 546 m y.s. Haftið framan (austan) við námuna verði skilið eftir. Að námuvinnslu lokinni muni haftið því áfram skyggja á stóran hluta námusvæðisins þegar komið sé að því úr austri. Svarðlag og annar

jarðvegur af fyrirhuguðu efnistökusvæði verði geymdur sér, haugsettur uppi á fjallinu innan námusvæðisins og síðan jafnað yfir svæðið við frágang þess. Til að minnka fok lausra jarðefna af efnistökusvæðinu verði yfirborð þjappað jafnóðum á svæðum þar sem efnistöku sé lokið. Á vinnslutímanum sé gert ráð fyrir að haft suðustan við námuna komi að hluta í veg fyrir að laus jarðefni fjúki burt af svæðinu.

**Vinnslutilhögun.** Í matsskýrslu kemur fram að efnisnám fari fram með þeim hætti að efni sé rifið upp með stórum járnfleyg aftan á jarðýtu í stöllum ofarlega í námunni. Síðan sé efninu rutt fram af brúninni niður í botn námunnar. Neðan við fjallið sé efninu mokað á vörubifreiðar eða unnið. Efnisvinnslan fari þannig fram að bögglabergið sé í fyrstu sett í gegnum forbrjót en því næst sé það aðgreint eftir kornastærð. Stór hluti efnis úr námunni sé óunnið bögglaberg sem henti vel sem burðarhæft fyllingarefni undir vegi, götur og byggingar. Efnisvinnslan sé í háu bergstáli svo að mikið efnismagn fái á hverja flatareiningu lands. Undanfarin ár hafi að meðaltali verið teknir um 400.000 m<sup>3</sup> á ári úr námunni. Almennt haldist efnisþörf í hendur við efnahagsástandið í landinu hverju sinni og því sé erfitt að segja nákvæmlega til um hversu mikið magn verði tekið úr námunni langt fram í tímann. Grófar áætlanir geri ráð fyrir að efnisþörfin verði heldur meiri en nú er eða 4-500.000 m<sup>3</sup> á ári, sem geri 12-15.000.000 m<sup>3</sup> á 30 árum.

**Tengd starfsemi.** Í matsskýrslu kemur fram að fjöldi vörubifreiða sem notaður verði til að flytja efni úr námunni til kaupenda verði svipaður og verið hefur eða rúmlega 100 bílar á dag. Við námuvinnsluna séu fjórir starfsmenn. Ekki sé líklegt að miklar breytingar verði á mannaflapörf næstu árin. Í námunni sé kaffiskúr með salernisaðstöðu sem fyrirhugað sé að tengja nýrri rotþró. Gert sé ráð fyrir að koma upp olútanki á svæðinu þar sem geymdar verði lágmarksbirgðir af olíu, eða um 10.000 l.

**Frágangur í verklok.** Í matsskýrslu kemur fram að við landmótun og frágang á efnistökusvæðinu verði fylgt leiðbeiningum og tilmælum í ritinu *Námur, efnistaka og frágangur*. Á rekstrartíma og að honum loknum verði land mótað og frágengið á þann hátt að svæðið falli vel að umhverfinu. Líkt verði sem mest eftir landformum í nágrenninu án áberandi manngerðra forma og skeringarstála. Ónothæft fyllingarefni verði notað í þeim tilgangi. Við frágang svæðisins verði fláar ekki hafðir brattari en skriður gerist brattastar í óröskuðu landi. Í sendnum, fínefnaríkum efnishaugum verði fláar ekki hafði flatari en nægjanlegt sé til að koma í veg fyrir vatnsrof eða aurskrið. Þegar frágangi á yfirborði svæðisins verði lokið muni verða flýtt fyrir endurheimt náttúrulegs gróðurs. Svarðlaginu og öðrum jarðvegi verði jafnað yfir svæðið og rutt niður hlíðar. Síðan verði sáð grasfræjum af tegundum sem vitað er að hopi fljótt fyrir náttúrulegum gróðri. Samstarf við sérfræðinga um uppgræðslu sé talið nauðsynlegt svo að sem bestur árangur náist á sem skemmstum tíma.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að með hliðsjón af hinum langa vinnslutíma, sem í ljósi aðstæðna, gæti orðið umtalsvert lengri en ráð sé fyrir gert ætti að gera ráð fyrir áfangaskiptingu efnistökkunnar. Með því að takmarka stærð vinnslustáls eins og kostur sé mætti draga úr sjónrænum áhrifum og jafnframt gæfust yfirvöldum auknir möguleikar til að hafa áhrif á efnistökkuna ef vilji þeirra stæði til þess.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er lagt til að áfangaskipta framkvæmdinni þannig að fyrsti áfangi væri rani frá 250 m línu við námubotn upp í 400 metra hæð. Þannig skapist möguleiki á að ganga frá því svæði námunnar áður en farið verði í næsta áfanga.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í námunni eigi sér stað flokkun fínafna í tölverðu magni. Við slíka flokkun sé nauðsynlegt að hafa eins mikið skjól og mögulegt er. Nú sé efnistakan með þeim hætti að efni sé tekið úr geil inni í fjallinu austan megin á efnistökusvæðinu. Framkvæmdaraðila finnist eðlilegast að áfram verði unnið út frá þeirri geil og hún stækkuð smátt og smátt til norðurs og síðan til vesturs í stað þess að fara strax inn á svæði í suðvesturhluta efnistökusvæðisins eins og Ölfus leggi til. Að mati framkvæmdaraðila hafi sú tillaga meiri opnun í för með sér sem geti aukið hættu á foki úr námunni auk þess sem sjónræn áhrif efnistökkunnar yrðu strax meiri.

### 3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

#### 3.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

##### 3.1.1 Áhrif á útivist

Í matsskýrslu kemur fram að engin skipulögð útivistarsvæði séu í nágrenni fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Stækkun efnistökusvæðisins í umræddri námu gæti haft nokkuð neikvæð áhrif á upplifun göngufólks á gönguleið á Lambafell. Sé tekið mið af því að efnistaka hafi verið stunduð á svæðinu til margra ára sé ekki talið að áhrif af stækkun efnistökusvæðisins muni hafa áhrif á upplifun ferðafólks og áhuga þess á að stunda útivist í nágrenninu. Því séu áhrif fyrirhugaðrar efnistöku á útivist talin verða óveruleg.

**Skipulagsstofnun** telur að áframhaldandi efnistaka úr landi Breiðabólstaðar í Lambafelli hafi bein neikvæð áhrif á merkta gönguleið á Lambafell en þrátt fyrir það kemur efnistakan ekki í veg fyrir að unnt verði að ganga á fjallið. Þess utan hafi efnistakan nokkur óbein neikvæð áhrif á upplifun útivistarfólks í nágrenni Lambafells þar sem hún stingur í stúf við lítt raskaðar jarðmyndanir sem fyrir augu ber.

##### 3.1.2 Sjónræn áhrif og áhrif á landslag

Í matsskýrslu kemur fram að haft við syðsta hluta námunnar hafi verið skilið eftir nær óraskað. Það skyggi að mestu á núverandi efnistökusvæði þegar farið sé til austurs eftir þjóðvegi 1 um Svínahraun. Þegar komið sé sunnan að, eftir Þrengslavegi, megi sjá að efnistakan hafi nú þegar haft áhrif á landslag. Nokkuð djúp geil hafi myndast í fjallið og sunnan við hana sé athafnasvæði með vinnuskúrum og geymslusvæði fyrir sand. Fyrirhugað efnistökusvæði sé að mestu leyti óraskað fyrir utan það að jarðvegur og vatn hafi runnið frá vegslóð sem liggja upp á fjallið, auk þess sem mosi hafi látið á sjá. Sjónræn áhrif námunnar beinist fyrst og fremst að þeim sem fari um Þrengsli til norðurs í átt að höfuðborgarsvæðinu. Einnig verði stærri geil í Lambafelli meira áberandi séð frá aðkomuvegi að námunni og á leið útivistarfólks í Lambafelli og á merktum gönguleiðum í fjöllum austan Lambafells. Ásýnd svæðisins muni lítið breytast þegar komið sé norðan að um Svínahraun. Einnig sé talið að ásýnd svæðisins muni lítið breytast séð frá Hellisheiði. Fyrirhugað efnistökusvæði sjáist hvorki frá Eldborgum vestan við Lambafell né frá gönguleiðum á því svæði. Til að minnka sjónræn áhrif efnistöku á fyrirhuguðu efnistökusvæði verði núverandi hafti, suðaustan við námuna, haldið að mestu óbreyttu. Haftið muni því áfram skyggja á stóran hluta svæðisins eftir að námuvinnslu ljúki, einkum þegar komið sé austan að. Bæði á efnistökutímanum og eftir lok hans séu uppi áform um að ganga vel frá svæðinu svo að það skeri sig ekki úr umhverfinu. Lögð verði áhersla á að líkja sem mest eftir landformum í nágrenninu sem séu án áberandi manngerðra forma og skeringarstála, ásamt aðgerðum sem miði að því að endurheimta náttúrulegan gróður. Þannig sé gert

ráð fyrir að eftir frágang svæðisins verði gróður kominn í jafnvægi að nokkrum árum liðnum. Í ljósi þess að hluti fjallsins verði brotinn niður séu áhrif af fyrirhugaðri efnistöku á landslag og sjónræna þætti talin verða talsvert neikvæð og varanleg. Fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir muni þó milda neikvæð áhrif af efnistöku á þann hátt að sú dæld sem myndast í fjallið falli vel að svæðum í nágrenninu með mjúkum línnum án manngerðra forma.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að til að lágmarka sjónræn áhrif framkvæmdarinnar megi t.d. flytja efnistöku í hrygg vestan núverandi efnistökuáls og láta efnistökusvæðið afmarkast af giljum vestan og austan hryggjarins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að óskynsamlegt sé að opna námuna meira en nauðsynlegt sé til að auka ekki hættu á foki. Framkvæmdaraðili telji nauðsynlegt að verktaki hafi nokkuð frjálsar hendur við útfærslu efnistöku en muni eins og fram hafi komið leggja áherslu á að halda sjónrænum áhrifum í lágmarki.

**Skipulagsstofnun** er sammála því mati framkvæmdaraðila að sjónræn áhrif efnistöku séu mest og neikvæðust fyrir þá sem koma eftir þjóðveginum sunnan úr Ölfusi á leið til norðurs. Þar sem móbergshryggur austan efnistökusvæðisins fær að halda sér þá muni hins vegar lítið bera á efnisnáminu þegar farið er um Þrengsli suður í átt að Ölfusi. Skipulagsstofnun er sammála framkvæmdaraðila og telur að sjónræn áhrif verði minni með þeirri tilhögun að vinna efni úr námunni í þröngri geil sem gengur langt inn í fjallið í stað þess að taka efni með víðari opnun. Engu að síður telur Skipulagsstofnun að sjónræn efnistöku neikvæð, varanleg og óafturkræf, en telur efnistöku betur komna í fáum stórum námum eins og hér er um að ræða. Í stað þess að efni sé tekið víðar með tilheyrandi riski.

### 3.1.3 Áhrif á loftgæði

Í matsskýrslu kemur fram að efnistöku fylgi hætta á rykmengun og samhliða stækkun efnistökusvæðisins aukist hún. Hætta sé á að í roki ýfist laus jarðefni upp af gróðursnaudum svæðum námunnar. Ryk geti haft neikvæð áhrif á starfsmenn og ferðafólk í grenndinni. Einnig geti ýmis skaðleg mengunarefni verið bundin ryki, s.s. olúefni. Einnig sé hætta á neikvæðum áhrifum á lofgæði á og í nágrenni efnistökusvæðisins vegna útblásturs frá vinnuvélum, þungavinnuvélum og öðrum ökutækjum. Talið sé að magn svifryks geti aukist nokkuð þar sem að raskað svæði á gróðurþekju stækki við aukna efnistöku á svæðinu. Ekki sé talið að magn svifryks og styrkur mengunarefna í lofti á og í nágrenni námunnar fari yfir viðmiðunarmörk reglugerða.

**Skipulagsstofnun** telur að neikvæð áhrif áframhaldandi efnistöku úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar séu helst ef rykmengun kemur til með að aukast. Ólíklegt er að ryk verði stöðugt til vandræða en við óhagstæð veðurskilyrði, einkum þurrviðrisstorma, kann að fjúka úr fersku stáli og fínefnahrúgum. Skipulagsstofnun telur hins vegar ekki líklegt að loftgæði rýrni merkjanlega enda miðar tilhögun framkvæmdaraðila efnistökuinnar við að lágmarka fohættu. Skipulagsstofnun telur að mengun frá vinnuvélum og flutningabílum breytist óverulega.

## 3.2 ÁHRIF NÁTTÚRUFAR

### 3.2.1 Áhrif á vatnsgæði

Í matsskýrslu kemur fram að náman í Lambafelli sé rétt utan við fjarsvæði vatnsverndar. Með fyrirhugaðri útvíkkun námusvæðisins fari námusvæðið lítið eitt inn á fjarsvæðið. Grunnvatnsstraumur, Selvogsstraumurinn, sé undir efnistökusvæðinu og afar vatnsmikill

og falli mjög hratt til sjávar. Mælingar frá árinu 2001 í borholu sýni að dýpi niður á grunnvatn sé mjög mikið eða um 95-106 m. Vitað sé um tvö vatnsból á svæðinu sem sé á mörkum Selvogsstraums og Ölfusstraums. Engar uppsprettur eða stöðuvötn séu á eða í nágrenni fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Hætta sé á neikvæðum áhrifum á grunnvatn innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis vegna mengunarefna frá vélum og ökutækjum sem geti borist í jarðveg ef mengunarslys verði. Þaðan sé síðan hugsanlegt að mengunarefni berist með grunnvatni í sprungur vestur af námusvæðinu og geti því haft áhrif á stærra svæði. Ekki sé vitað til þess að mengunarslys hafi átt sér stað í námunni en hætta á slíku sé þó fyrir hendi. Í ljósi mikilla þynningaráhrifa hins vatnsmikla grunnvatnsstraums og töluverðrar fjarlægðar frá vatnsbólum séu litlar líkur taldar á því að olía eða önnur efni sem berist í grunnvatn undir fyrirhuguðu efnistökusvæði eða mengunarslys muni hafa neikvæð áhrif á grunnvatn og vatnsgæði sunnan við efnistökusvæðið. Framkvæmdaraðili muni koma á samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands um fyrirkomulag á námusvæðinu til varnar því að grunnvatn mengist. Reynt verði að fyrirbyggja að olía og önnur efni úr ökutækjum og þungavinnuvélum komist í snertingu við jörð. Einnig verði búið þannig um að ekki verði hætta á að olía sem geymd sé á athafnasvæðinu berist í jarðveg eða þegar fyllt sé á tankana. Ef mengunarslys verði þar sem olía berist ofan í jarðveg verði jarðveginum mokað upp eins fljótt og mögulegt er og mengaður jarðvegur fluttur til Sorpu á Álfsnesi þar sem hann verði urðaður eða hreinsaður með viðurkenndum hætti.

**Skipulagsstofnun** telur að áhrif framkvæmdanna á vatnafar, þar með talið grunn- og neysluvatn, verði óveruleg. Til að grunnvatn spillist þarf að eiga sér stað mengunarslys en vegna þess hve lítið er geymt af varasömum efnum á svæðinu er lítil hætta á slíku slysi. Skipulagsstofnun telur engu að síður að þegar starfsleyfi verður gefið út þá verði skoðað hvort ástæða kunni að vera til að setja ákvæði um geymslu og meðferð hættulegra efna í leyfið. Skipulagsstofnun vakti athygli á þessu í álitu sínu um mat á umhverfisáhrifum fyrir hinar tvær námurnar í Lambafelli. Allar eru námurnar í gljúpum jarðmyndunum sem eru lítil sem enginn fyrirstaða ef hættuleg, fljótandi efni berast í umhverfið. Takist að lágmarka hættu á mengunarslysum telur Skipulagsstofnun að áhrif efnistökkunnar á vatnsgæði verði óveruleg.

### 3.2.2 Áhrif á jarðmyndanir

Í matsskýrslu kemur fram að berggrunnur Lambafells sé móbergsmýndun þar sem helstu berggerðir séu móbergsbreksía, bólstraberg og móbergstúff. Móbergsbreksía og bólstraberg henti vel í fyllingar undir byggingar og vegi. Brúnleitt móbergstúff, sem finnst á yfirborði í hlífum og uppi á fjallinu á nokkrum stöðum, sé hins vegar lélegt fyllingarefni. Áhrif frekari efnistöku í umræddri námu í Lambafelli á jarðmyndanir verði verulega neikvæð í ljósi þess að um sé að ræða niðurbrot á hluta af fjalli, Lambafelli, sem sé áberandi þegar farið sé um Þrengsli og nágrenni. Efnistaka í Lambafelli hafi staðið yfir í um 20 ár og í öðrum námum í fjallinu í hátt í 50 ár. Því sé ekki um að ræða óraskað móbergsfjall. Ekki hafi sést neinar sérstæðar jarðmyndanir á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Staðbundin áhrif á hraun og jarðmyndanir séu talin verða verulega neikvæð og varanleg í ljósi þess að hluti af 546 m háu fjalli verði brotinn niður. Ef litið sé til verndargildis hrauns og jarðmyndana á svæðinu séu áhrifin talin verða óveruleg þar sem að ekki muni fara forgörðum hraun eða jarðmyndanir sem þyki sérstæðar eða einstakar á landsvísu.

**Skipulagsstofnun** tekur undir með framkvæmdaraðila og telur að áhrif efnistöku í Hjallatorfu í Lambafelli hafi varanlega neikvæð áhrif á jarðmyndanir en telur áhrifin ekki veruleg vegna þess að þær jarðmyndanir sem fara forgörðum þykja ekki sérstæðar á landsvísu.

### 3.2.3 Áhrif á lífríki

*Gróður.* Í matsskýrslu kemur fram að gróðurþekja sé víða töluverð og nær samfelld á stórum svæðum, einkum í suðausturhlíð fjallsins og uppi á fjallinu suðaustan megin. Eftir því sem ofar dragi í hlíðum og farið sé vestar og norðar upp á fjallið sé gróðurþekjan þó minni og slitróttari. Í grennd við gilið í vesturjaðri svæðisins og uppi á fjallinu sé töluvert um gróðurlitla mela, stórgrýti, klappir, kletta og malarkamba. Gróður á slíkum svæðum sé helst að finna í dældum og brekkum sem snúi á mótí suðri. Gróður hafi nú þegar raskast utan við núverandi efnistökusvæði. Frá vegslóða, sem liggja upp að stallinum ofan við núverandi námu, hafi runnið jarðvegur, möl og vatn yfir gróður neðan við. Einnig hafi mosi á nokkuð stóru svæði uppi á fjallinu látið á sjá, líklega vegna foks frá núverandi efnistökusvæði. Helstu gróðurlendi á svæðinu séu lyngmói, mosagróður/mosaþemba og melar.

Engar sjaldgæfar tegundir eða tegundir háplantna á valista fundust við vettvangsskoðun.

*Dýralíf.* Í matsskýrslu kemur fram að ekki þótti ástæða til að gera sérstaka úttekt á fuglum eða öðrum dýrum við mat á umhverfisáhrifum áframhaldandi efnistöku í landi Breiðabólstaðar í Lambafelli. Þessi ákvörðun hafi verið tekin í ljósi niðurstaðna fuglaúttektar sem fram fór norðar í Lambafelli, í tengslum við mat á umhverfisáhrifum áframhaldandi efnistöku í annarri námu í Lambafelli. Í þeirri úttekt hafi komið í ljós að fuglafánan sé mjög fábreytt, eingöngu sáust þrjár tegundir fugla. Í ljósi þess að allur gróður og staðbundin dýr innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis muni fara forgörðum verði staðbundin áhrif á gróður og dýr verulega neikvæð. Óveruleg áhrif séu talin verða á fugla og önnur hreyfanleg dýr því að gert sé ráð fyrir að þau flytji sig um set inn á svæði í nágrenninu.

Fram kemur að áhrif á gróður og dýr séu talin að mestu afturkræf til lengri tíma lítið því að gert sé ráð fyrir að flestar tegundir gróðurs og dýra nemi smátt og smátt land innan svæðisins að frágangi þess loknum. Engar sjaldgæfar tegundir háplantna eða plantna á valista hafi fundist í gróðurathuginni. Allar tegundir sem fundust séu algengar á landsvísu. Talið sé að ekki lifi sjaldgæfar tegundir staðbundinna dýra á svæðinu. Staðbundin áhrif á gróður og jarðvegisdýr verði verulega neikvæð í ljósi þess að hluti af fjallinu verði brotinn niður. Ef lítið sé á verndargildi gróðurs og dýra á svæðinu séu áhrifin talin óveruleg þar sem ekki sé talið að þar finnist tegundir sem þykja sérstæðar eða einstakar á landsvísu.

**Skipulagsstofnun** telur að áhrif efnistökkunnar á lífríki verða staðbundin og óveruleg.

### 3.3 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna aukinnar efnistöku í landi Breiðabólstaðar í Lambafelli bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Náma í landi Breiðabólstaðar í Lambafelli er á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-1014 en afmörkun hennar er ekki í samræmi við fyrirhugaða efnistöku. Unnið er að breytingu á aðalskipulaginu í samræmi við fyrirhugaða efnistöku sem og umhverfismati þess í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.



- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

#### 4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Mannvits verkfræðistofu f.h. Hlíðardalsskóla sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla framkvæmdaraðila byggði á auglýstri frummatsskýrslu og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Mannvits verkfræðistofu f.h. Hlíðardalsskóla hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir athugasemdum og umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að áhrif aukinnar efnistöku úr Lambafelli í landi Breiðabólstaðar óhjákvæmilega verða varanleg og neikvæð á landslag og jarðmyndanir sem og sjónræn áhrif hennar. Þau áhrif verði talsvert neikvæð en til mótvægis kemur að efnistaka úr aðliggjandi efnistökusvæðum í Lambafelli er í samræmi við markmið stjórnvalda að hafa efnisnámur fremur fáar og stórar í stað margra minni náma. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að efnistakan muni hafa neikvæð áhrif á grunn- eða neysluvatn, en stofnunin hvetur til þess að við starfsleyfisgerð verði hugsað fyrir ráðstöfunum til að hætta á mengunarslysum verði í algjöru lágmarki.

Skipulagsstofnun minnir á að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið ráðast að miklu leyti af því að þeirri verktilhögun sem kynnt hefur verið í matsskýrslu verði fylgt eftir á starfstíma.

Reykjavík, 22. júní 2009.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson